

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Bjarkalundi, Reykhólahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Reykhólahrepps 10. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Bjarkalundi. Breytingin felst meðal annars í að gert er ráð fyrir að byggja 9 lítil smáhýsi ofan við hótelið, og einnig verður breyting á mænisstefnu sumarhúsa í sumarhúsabyggð.

Greinagerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykhólum, 2. mars 2009.

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2009